



Upplýsingastefna samstæðu Ölgerðarinnar

1. Markmið og gildissvið

1.1. Upplýsingastefna þessi gildir um Ölgerðina Egill Skallagrímsson hf. („**Ölgerðin**“ eða „**félagið**“) og dótturfélög Ölgerðarinnar („**samstæða Ölgerðarinnar**“). Stefnan nær til starfsmanna og stjórnarmanna samstæðu Ölgerðarinnar og eftir atvikum þeirra sem sinna upplýsingagjöf fyrir hönd félagsins.

1.2. Helstu hagsmunaaðilar sem stefna þessi tekur til, auk starfsmanna og stjórnarmanna, eru hluthafar, viðskiptavinir, lánveitendur, matsfyrirtæki, greiningaraðilar, Nasdaq Iceland og fjölmiðlar.

1.3. Tilgangur upplýsingastefnunnar er að hagsmunaaðilum verði tryggður jafn aðgangur að réttum, tímanlegum og áreiðanlegum upplýsingum um starfsemi Ölgerðarinnar. Þannig geta þeir haft greiðan aðgang að nauðsynlegum og nýjum upplýsingum og geta tekið afstöðu til fjármálagerninga útgefnum af félaginu sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Þá er markmið reglnanna að stuðla að góðum samskiptum við hagsmunaaðila og aukinni þekkingu þeirra og skilningi á rekstri félagsins.

1.4. Upplýsingar skulu veittar í samræmi við m.a. lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, og reglur sem settar hafa verið eða innleiddar á grundvelli þeirra, sem og reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga.

1.5. Upplýsingastefnan skal teljast vera stefna Ölgerðarinnar um upplýsingagjöf og samskipti við ofangreinda hagsmunaaðila og aðra.

2. Birting upplýsinga

2.1. Upplýsingum þeim sem falla undir upplýsingaskyldu félagsins dreifir félagið í gegnum fréttaveitu GlobeNewsWire, þar sem þær birtast almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu opinberlega, og eru samhliða birtar á fjárfestasiðu Ölgerðarinnar: www.olgerdin.is/fjarfestar/yfirlit. Ávallt skal gæta að jafnræði fjárfesta varðandi aðgengi að upplýsingunum og tryggja gagnsæi í upplýsingagjöf. Að meginstefnu skulu verðmótandi upplýsingar birtar eftir lokun markaða, að því marki sem hægt er.

2.2. Lögð skal áhersla á að upplýsingar sem birtar eru séu réttar, viðeigandi, skýrar og á engan hátt misvísandi.

2.3. Upplýsingar sem birtar eru skv. gr. 2.1. verða aðgengilegar á fjárfestasiðu Ölgerðarinnar í að minnsta kosti fimm ár frá birtingu. Fjárhagsupplýsingar verða þó aðgengilegar að lágmarki í tíu ár frá birtingu þeirra. Regluvörður skal sjá um að birta slíkar upplýsingar í fréttaveitu GlobeNewsWire og í fjarveru hans staðgengill regluvarðar.

3. Upplýsingaskylda

3.1. Ölgerðin mun haga upplýsingagjöf sinni í samræmi við gildandi löggjöf og reglur Nasdaq Iceland á hverjum tíma.

3.2. Ölgerðin birtir fjárhagsdagatal á vefsíðu sinni fyrir upphaf hvers fjárhagsárs. Verði breytingar á áður auglýstri dagsetningu birtingar er upplýst um breytinguna.

3.3. Ölgerðin skal birta samþykkt ársreikninga og árshlutareikninga opinberlega í samræmi við gildandi löggjöf og reglur Nasdaq Iceland á hverjum tíma. Stefnt er að því að halda aðeins upplýsingafundi fyrir hagsmunaaðila í kjölfar birtingar hálfárs- og ársuppgjöra, nema félagið telji ástæðu til annars. Ölgerðin mun á upplýsingafundum aðstoða vegna fyrirspurna hagsmunaaðila að því marki sem félaginu er heimilt þegar tekið er mið af jafnræði hluthafa og fjárfesta á markaði.

3.4. Spár um fjárhagslegar stærðir, svo sem afkomuspá, verða að jafnaði gerðar opinberar samhliða birtingu ársreiknings síðasta fjárhagsárs á undan, nema sérstaklega standi á. Almennt taka slíkar spár til fjárhagsársins í heild og taka mið af allri samstæðu Ölgerðarinnar. Ef tilefni þykir til verður upplýst um uppfærslu eða breytingar á áður útgefinni afkomuspá samhliða birtingu árshlutauppgjöra, nema lög og reglur mæli fyrir um annað.

3.5. Upplýsingar sem teljast til innherjaupplýsinga skal birta eins fljótt og auðið er. Heimilt er að fresta birtingu innherjaupplýsinga að lagaskilyrðum uppfylltum.

3.6. Leiki vafi á því hvort birta skuli upplýsingar samkvæmt þessari upplýsingastefnu, gildandi lögum eða reglum Nasdaq Iceland skal nefnd skipuð forstjóra, regluverði og einum lykilstarfsmanni Ölgerðarinnar leggja mat á hvort upplýsingarnar teljist innherjaupplýsingar. Það er undir sömu nefnd komið að leggja mat á hvort skilyrði frestunar á birtingu séu uppfyllt. Séu forstjóri og/eða regluvörður ekki tiltækir skulu staðgenglar þeirra taka sæti í nefndinni í þeirra stað. Regluvörður skal halda skrá um ákvarðanir nefndarinnar og rökstuðning fyrir þeim.

3.7. Það er stefna félagsins að tjá sig ekki um málefni er varða rekstur, afkomu eða efnahag félagsins frá lokum uppgjörstímabils og fram að birtingu uppgjörs vegna viðkomandi tímabils nema félaginu sé það skylt eða kjósi að gera það með almennri birtingu.

4. Frávik frá áður birtum upplýsingum

Ölgerðin stefnir að því að birta opinberlega upplýsingar um það ef stjórnendur vænta áhrifa á ársgrundvelli sem nema 4,0% eða meira á áætlaðan rekstrarhagnað félagsins fyrir afskriftir (EBITDA) á yfirstandandi rekstrarári, að teknu tilliti til áður birtra upplýsinga. Hafi rekstrarhagnaður verið áætlaður á spábili skal að jafnaði reikna hlutfallið af miðgildi þess.

5. Birting annarra upplýsinga

5.1. Ölgerðin stefnir að því að birta almennar fréttir af starfsemi félagsins, sem falla ekki undir upplýsingaskyldu þess, á vefsvæði sínu og eftir atvikum senda fréttatilkynningar þess efnis til fjölmiðla.

5.2. Ölgerðin fylgir þeirri stefnu að birta ekki viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, svo sem um sölutölur, starfsmannamál, vöruþróun eða annað sem er til þess fallið að hafa áhrif á samkeppnisstöðu þess nema lög eða reglur kveði á um slíka upplýsingamiðlun. Þá mun félagið og forsvarsmenn þess ekki tjá sig um sveiflur í verði hluta og viðskiptamagni. Sama á við orðróm og getgátur á markaði nema lög og reglur standi til annars.

6. Samskipti við hagsmunaaðila

Markmið Ölgerðarinnar er að eiga góð samskipti við alla hagsmunaaðila, í þeim tilgangi að upplýsa þá um starfsemi félagsins. Í þeim tilgangi leitast félagið við að veita þeim aðstoð við umfjöllun um félagið innan þess ramma sem lög og reglur heimila. Fyrirspurnum hagsmunaaðila verður svarað að því marki sem félaginu er það heimilt, þannig að tekið sé mið af jafnræði hluthafa og fjárfesta á markaði.

7. Talsmenn Ölgerðarinnar

7.1. Forstjóri Ölgerðarinnar er talsmaður félagsins í umboði stjórnar. Forstjóri getur veitt öðrum starfsmönnum heimild til að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar en að öðru leyti skulu starfsmenn ekki tala fyrir hönd félagsins. Starfsmenn tjá sig ekki um afkomu, hag eða um stöðu fyrirtækisins, samfélagsleg málefni eða mál sem hafa verðmetandi áhrif á félagið, það gera aðeins forstjóri og stjórnarformaður. Stjórnarformaður er jafnframt talsmaður félagsins þegar um meiriháttar ákvarðanir stjórnar er að ræða.

7.2. Allar fyrirspurnir sem berast til starfsmanna, t.d. frá fjölmiðlum, skulu fara í gegnum fjölmiðlatengil Ölgerðarinnar, sem áframsendir fyrirspurnina á viðeigandi aðila þegar það á við. Tengiliður Ölgerðarinnar við fjölmiðla þegar reglur þessar eru samþykktar er Dagný Kristjánsdóttir.

7.3. Forstjóri kemur ávallt fram fyrir hönd Ölgerðarinnar nema í undantekningartilfellum. Í tilfellum er varða stefnu, gildi, afkomu, stöðu eða ímynd félagsins skal forstjóri ávallt svara fyrir hönd þess og aðeins hann. Í tilfellum þar sem fjölmiðlar hafa samband vegna uppbyggingar á vörumerki svara vörumerkjastjórar sjálfir. Þetta á enn fremur við um samfélagsmiðla.

7.4. Hagsmunaaðilar geta beint fyrirspurnum varðandi Ölgerðina til forstjóra eða fjármálastjóra hverju sinni, sjá nánar á fjárfestasíðu félagsins. Forstjóri þegar reglur þessar eru samþykktar er Andri Þór Guðmundsson og fjármálastjóri er Jón Þorsteinn Oddleifsson.

8.Framkvæmd og endurskoðun

Framkvæmd stefnu þessarar er á ábyrgð forstjóra félagsins. Stefnan tekur þegar gildi en hana skal stjórn félagsins endurskoða reglulega.

Samþykkt af stjórn Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. þann 13. febrúar 2024